

## **Fundargerð 25.mars kl. 13:20**

*Mætt: Friðrik Logi, Gunnar Sig, Unnur Erla Sveinbjörnsdóttir, Íris Olga Lúðvíksdóttir, Jón Karl, María Einarsdóttir og Trostan Agnarsson, sem ritaði fundargerð.*

1)

### *Skóladagatal*

*Skólastjóri fór yfir skóladagatalið sem samþykkt hafði verið á starfsmannafundi. Fjallað var um skólasetningu sem er 21. ágúst, hreyfidaga þar á eftir, haustfundi í byrjun september, fyrirhugaða ferð 7.bekkjar að Reykjum, dansviku, árshátíðir og fleiri fasta liði. Skólaslit eru áætluð 31.maí.*

*Mikilvægi þess að fólk fái færi á því að ræða saman og við nemendur eftir samkomur eins og árshátíð. Einnig rætt um að mikilvægt sé að hafa tvær sýningar skipulagðar á árshátíðarverki. Talað um gildi þess að fá foreldra til þess að taka þátt í undirbúningi árshátíðar, t.d. við búninga, förðun og frágang og geti það bæði verið skemmtileg samvera og einnig liðkað til við það að hafa tvær sýningar. Tímasetningu árshátíðar mætti þó endurskoða. Í góðu lagi var talið að hafa dagskrá fyrr að degi.*

*Skóladagatal samþykkt.*

2)

*Framkvæmdir við skólann. Gengið var um skólann til þess að sjá það sem unnið er að eftir lekann og einnig voru skoðaðar framkvæmdir í einni stofu þar sem búið er að mála og skipta um ofna, auk þess að setja upp kerfisloft. Vinna við að setja á nýtt gólfefni stendur yfir.*

*Fólk lýsti yfir ánægju með framkvæmdina enda er stofan sem ný og hljóðvist þar orðin afar góð.*

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:00*